

Orkufjarskipti hf.
Benedikt Haraldsson
Krókhálsi 5c
110 Reykjavík

Reykjavík 27. nóvember 2019
UST201911-084/B.S.
10.05.04

Efni: Ljósleiðari - Lónsheiði að Hólum í Hornafirði. Umsögn

Vísað er til bréfs Orkufjarskipta hf. dags. 12. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd, en í henni felst að lögð verður um 40 km löng stofnlögn frá tengistað austan við bæinn Svínshóla í Lóni að tengivirki Landsnets að Hólum í Hornafirði. Í tengslum við þessa framkvæmd verða lagðar 10,2 km af heimtaugum á vegum sveitarfélagsins Hornafjörður.


Fram kemur í greinargerð að unnt er að plægja stenginn niður að mestu leyti og að land á strengleiðinni henti vel til plægingar. Strengurinn fylgir Hringvegi 1 og jarðstrengjum sem þegar eru til staðar.

Reynslan hefur sýnt að ummerki um plægingar jarðstrengja hverfa fljótt ef vel er að verki staðið og þess gætt að vinnuvélar „fljóti“ í deig- og votlendi.

Í þessu sambandi vill Umhverfisstofnun benda á að votlendi nýtur sérstakrar verndar sbr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og skal forðast að raska votlendi nema brýna nauðsyn beri til.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða framkvæmd.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Axel Benediktsson
sérfræðingur